

FJÖRUTÍU ÞANKASTRIK

**opinberuð Jóhannesi B. Sigtryggssyni
fimmtugum 15. janúar 2023**

**Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen
Reykjavík 2023**

© höfundar

Umsjón: Ari Páll Kristinsson, Ágústa Þorbergsdóttir, Haraldur Bernharðsson og Þórdís
Úlfarsdóttir

Hönnun kápu: Sigurður Stefán Jónsson

Bók þessa má afrita með ýmsum hætti, svo sem með ljósritun, prentun, skönnun, hljóðritun,
kvíkmyndun, talgervli eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, enda sé það gert í
fullu samráði við höfunda og með skriflegu leyfi þeirra.

Prentun: Háskólaprent

Sögnin *skapa* í íþróttamáli

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson er mikill íþróttáhugamaður. Við ræðum oft gengi okkar manna í Liverpool í enska boltanum og NBA-körfuboltann. Við höfum hins vegar kannski ekki gert nóg af því að tala um málfar í íþróttum, sem getur auðvitað verið mjög áhugavert. Það er þá kannski rétt að bæta úr því en hér langar mig að vekja athygli á notkun sagnarinnar *skapa* í þátíð í íþróttamáli.

Undanfarin misseri hef ég nefnilega mjög oft tekið eftir sterkri þátíðarbeygingu sagnarinnar *skapa* í íþróttamáli, ekki síst þegar rætt er um sigra og skoruð mörk. Hér fyrir neðan eru tvö dæmi um þetta af íþróttamiðlum sem finnast með leit í Risamálheildinni (<https://malheildir.arnastofnun.is/?mode=rmh2022>):

- (1) a. Vinna og löngun í þrjá punkta skóp þennan sigur.
 b. [...] og fyrirgjöf hans skóp markið sem Mario Balotelli skoraði [...]

Þetta er áhugavert í ljósi þess að *skapa* fær oftast veika beygingu í nútímamáli. Í *Íslenskri orðabók* (2002:1304) eru kennimyndirnar *skóp*, *skópum*, *skapið* merktar sem fornar eða úreltar. Þá sýnir *Íslensk nútímamálsorðabók* eingöngu veiku beyginguna undir flettunni *skapa* en í *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* er þó sterk beyging sagnarinnar gefin í þátíð framsöguháttar ásamt veiku beygingunni. Flettunni fylgir hins vegar athugasemd, þar sem segir m.a.:

Í nútímamáli hefur sögnin yfirleitt veika beygingu en sterkri beygingu í þátíð bregður fyrir, aðallega í skáldamáli og hátíðlegu máli, t.d. í nýrri þýðingu Biblíunnar (2007) [...] Í Biblíunni 2007 er veika þátíðin samt algengari [...] Þessum gömlu þátíðarmyndum bregður jafnvel fyrir í alveg nýjum textum, án þess að stillinn sé mjög formlegur: *Við skópum sigurinn í fyrri hálfleik. Þau eldvörp sem skópu landið ...* Nýjum dæmum í miðmynd bregður líka fyrir: *Kringum hersetuna skópst heilmikil atvinna* (Ný dæmi eru úr Risamálheild 2018).

Hér sést að eitt þessara þriggja dæma sem koma fyrir í nýjum textum er einmitt íþróttamál (*Við skópum sigurinn í fyrri hálfleik*) og svipar því nokkuð til dæmis (1a) hér fyrir ofan.

Mig langaði að skoða það hvort sterk beyging *skapa* væri einkennandi fyrir íþróttamál. Ég leitaði í Risamálheildinni og léti mér nægja að leita annars vegar að orðmyndinni *skapaði* (í framsöguhætti — til að lágmarka eða útiloka niðurstöður í viðtengingarhætti og t.d. lýsingarháttarmyndina í dæmum eins og *Hinn skapaði fullkomleiki er þó jafn sibreytilegur og tunglstaðan*) og hins vegar að orðmyndinni *skóp* (og stillti leitina þar líka á framsöguhátt); *skapaði* og *skóp* geta þá verið þátíð 1. og 3. persónu eintölu af sögninni *skapa*. Ég stillti leitina á

two íþróttamiðla sem fjalla um fótbolta, Fótbolti.net og 433.pressan.is. Heildarfjöldi niðurstaðna fyrir *skapaði* var 840 (82%) en fyrir *skóp* 184 (18%).¹ Til viðmiðunar leitaði ég í Risamálheildinni í ýmsum textum þar sem mér þótti ólíklegt að umfjöllun um íþróttir brygði oft fyrir; miðlarnir sem ég hakaði við voru Bónði.is, Bleikt.is, Bændablaðið, Fiskifréttir, Mannlíf.is og Vb.is. Niðurstöður urðu þá þannig að fjöldi dæma um *skapaði* var 218 (94%) á móti 14 (6%) um *skóp*. Ég leitaði líka í fræðitímaritum í málheildinni; þar voru dæmin um *skapaði* 235 (90%) á móti 25 (10%) um *skóp* (niðurstöðurnar sem innihalda *skóp* í fræðitímaritunum eru summar hverjar bíblíumál). Sem sagt, jafnvel þótt *skapaði* sé mun algengari orðmynd en *skóp* í íþróttatextum er hlutfall *skóp* talsvert herra þar en í hinum textunum sem athugaðir voru.

Það er þó ekki svo að sterk beyging *skapa* í þátíð sé notuð í hvaða umhverfi sem er í íþróttamáli. Í ýmsum íþróttagreinum, svo sem fótbolta, er talsvert um að leikmenn og lið *skapi sér færí*. En þá beygist sögnin iðulega veikt í þátíð. Ég athugaði þetta í áðurnefndum fótboltamiðlum í Risamálheildinni og leitaði þá að orðmyndunum *skapaði* eða *sköpuðu* í framsöguhætti næst á undan *sér* sem stæði á undan *færí* en á milli *sér* og *færí* mættu fara allt að þrjú orð. Þannig fann ég dæmi eins og í (2):

- (2) a. Everton *skapaði* sér eitt *færí* og það varð að marki.
- b. Gestirnir *sköpuðu* sér engin teljandi *færí*.

Heildarfjöldi dæma sem fannst með þessu móti var 438. Þegar ég hins vegar breytti *skapaði*/*sköpuðu* í *skóp*/*skópu* í leitarviðmótinu (næst á undan *sér* sem stæði á undan *færí* en milli þessara tveggja orðmynda mættu vera 0–3 orð) fannst alls ekkert dæmi² (þó rak ég augun í þegar hann *skóp* bæði *færin* sem gáfu af *sér mark* þegar ég leitaði að dæmum um *skóp* með annarri fyrirspurn).

Hér hef ég þó auðvitað bara athugað sterka beygingu *skapa* í þátíð and-spænis þeiri veiku mjög gráflega. Það er athyglisvert hvernig forn eða úrelt beyging virðist hér fá framhaldslíf í íþróttamáli. Leifar eldra máls geta lifað áfram í ýmsum frösum og orðasamböndum eins og vel er þekkt. Gaman væri að skoða þetta betur og athuga hversu langt aftur það nær í íþróttamáli að nota sterku beyginguna og jafnframt að skoða hvort notkunin hafi aukist.

¹ Ég las hratt í gegnum niðurstöður úr öllum leitarfyrirspurnum sem sagt er frá hér. Í meginatriðum skila þær því sem leitað er að en ég hef ekki hirt um að draga frá í talningunni ef t.d. sama dæmið kemur fyrir tvívar. Eins hef ég ekki heldur hirt um að leita uppi dæmi sem finnast ekki með fyrirspurnunum, svo sem að *skapaði* í viðtengingarhætti, til athuga hvort einhver dæmi sem ættu að skila sér með fyrirspurnum séu rangt mörkuð.

² Vilji afmælisbarnið sannreyna niðurstöðurnar voru CQP-fyrirspurnirnar svokölluðu annars vegar [(word = "skapaði" %c | word = "sköpuðu" %c) & hattur = "f" %c] [] {0,0} [word = "sér" %c] [] {0,3} [word = "færí" %c] og hins vegar [(word = "skóp" %c | word = "skópu" %c)] [] {0,0} [word = "sér" %c] [] {0,3} [word = "færí" %c]. Í gjörvallri Risamálheildinni finnast fjögur dæmi með síðari leitarfyrirspurninni. Eitt dæmið (*WBA hafði löngum undirtökin en skóp sér ekki mörg færí*) kemur bæði fyrir í niðurstöðum úr Mbl.is og Morgunblaðinu.

Heimildir

- Beygingarlýsing íslensks nútímamáls.* Kristín Bjarnadóttir (ritstj.). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík. <<https://bin.arnastofnun.is/>> (janúar 2023).
- Íslensk orðabók.* 2002. Mörður Árnason (ritstj.). Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Edda, Reykjavík.
- Íslensk nútímamálsorðabók.* Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstj.). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík. <<http://islenskordabok.is/>> (janúar 2023).
- Risamálheildin = Starkaður Barkarson, Steinþór Steingrímsson, Þórdís Dröfn Andréasdóttir, Hildur Hafsteinsdóttir, Finnur Águst Ingimundarson og Árni Davíð Magnússon. 2022. Icelandic Gigaword Corpus (IGC-2022) – annotated version. CLARIN-IS. <<http://hdl.handle.net/20.500.12537/254>>.
- Leitarviðmót: <<https://malheildir.arnastofnun.is/?mode=rmh2022>>.